

**Ed.**

**49. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla.

Flm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Fyrsti málsl. 1. gr. laganna orðast svo:

Þegar prestakall losnar, hafa söfnuðir þess rétt til þess að kalla sér prest eins og hér segir: Prófastur kallar sóknarnefndarmenn prestakallsins saman á fund. Stjórnar prófastur fundinum, en hefir ekki atkvæðisrétt. Náist samþykki  $\frac{2}{3}$  þeirra,

er fundinn sækja, um að kalla ákveðinn prest, skal kalla saman safnaðarfund í hverri sókn prestakallsins samkvæmt 3. gr. laga nr. 36 16. nóv. 1907, og skal í fundarboði auglýsa, að fyrir fundinum liggi tillaga um að kalla þennan ákveðna prest. Ekki má taka önnur mál fyrir á þessum fundum. Verði köllunin samþykkt á öllum fundunum, er presturinn rétt kallaður. Fáist samþykki hans, skal það tilkynnt prófasti og honum send afrit gerðabóka allra fundanna og samþykki prestsins, en hann sendir biskupi, og fær presturinn þá veitingu fyrir embættinu.

Hafi ekki verið byrjaðar ráðstafanir til köllunar innan mánaðar frá því er prestakall losnar eða henni ekki lokið innan þriggja mánaða frá því er prestakallið losnaði, auglýsir biskup það með hæfilegum umsóknarfresti, og sendir jafnframt hlutaðeigandi prófasti auglýsinguna í jafnmörgum samritum og sóknir eru í prestakallinu.

#### 2. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Þegar að kosningu lokinni sendir sóknarnefnd prófasti afrit gerðabókar, umsóknargögn öll og seðlaumslögin.

#### 3. gr.

- a. Fyrsti másl. 15. gr. laganna orðast svo: Kjörstjórn hvers prófastsdæmis skipa prófastur, sem er formaður, sýslumaður eða bæjarfógeti, þar sem prestakallið er, eða ef prestakallið er í meira en einu lögsagnarumdæmi, þá sá, þar sem meiri hluti íbúa prestakallsins er, og þriðji maður, sem ráðherra skipar til 10 ára í senn.
- b. Síðasti másl. 15. gr. orðast svo: Kjörstjórn heldur gerðabók. Að lokinni talningu atkvæða er kærufrestur fullir 3 sólarhringar. Að honum loknum sendir kjörstjórn öll kjörgögn ásamt afriti gerðabókar sinnar og kærur, ef fram hafa komið, til yfirkjörstjórnar, en hana skipa biskup, sem er formaður, og tveir menn aðrir, sem ráðherra skipar til 5 ára í senn.

#### 4. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Yfirkjörstjórn úrskurðar kærur yfir kosningunni, ef fram hafa komið, og er það fullnaðarúrskurður. Ef svo miklir gallar eru á, að úrslitum hefðu getað valdið, enda hafi kært verið yfir þeim, getur yfirkjörstjórn ógilt kosningu, og fer þá fram kosning að nýju.

#### 5. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Hafi engar kærur komið fram eða kærur ekki verið látnar varða ógildingu, sendir biskup skýrslu um úrslitin til ráðherra, og fær sá veitingu fyrir embættinu, sem flest fékk atkvæði. Hafi tveir eða fleiri fengið jöfn atkvæði, gerir biskup tillögu um, hvorum eða hverjum þeirra, sem jöfn fengu atkvæðin, beri að veita embættið, og veitir ráðherra embættið samkvæmt þeirri tillögu.

#### 6. gr.

Síðasti másl. 18. gr. laganna orðast svo: Fáí umsækjandi meiri hluta greiddra atkvæða, fær hann veitingu fyrir embættinu, ella skal auglýsa embættið laust að nýju.

#### 7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal þá fella þau inn í texta laga nr. 32 3. nóv. 1915 og gefa löginn út með breytingunum.

### Greinargerð.

Í frumvarpi þessu eru gerðar tvær aðalbreytingar á lögnum um veiting prestakalla.

Fyrri breytingin er í 1. gr. og er í því fólgin að gefa söfnuðum heimild til þess að kalla prest án þess að embættinu sé slegið upp eða regluleg kosning fari fram. Tíðkast þetta mjög víða og reynist vel. Prestskosningar hér hafa oft ekki gefið góða raun. Af þeim leiðir ófrið og sundrung, sem umfram allt ber að forðast í þessum efnum, og skal hér ekki fjölyrða um það, því að ýmis dæmi þess eru alkunn. Á hinn bóginn er það í alla staði eðlilegt, að söfnuðir reyni að hafa frumkvæði að því að fá þann prest, sem þeir óska eftir. Mundu þeir þá stundum geta greitt fyrir þeim prest, sem þeir leggja áherzlu á að fá. Að vísu er ekki með þessu girt fyrir áróður og ófrið, en þó mjög dregið úr líkum til þess, þar sem ekki er um umsækjendur að ræða og frestur er stuttur. Takist á hinn bóginn ekki að sameina menn um ákveðinn prest, sem fáanlegur er, fer fram kosning. Vitanlega má hafa ýmsar aðferðir við köllun prests. Til dæmis mætti fela það sóknarnefndum einum. Þótti þó réttara, að fengið skyldi einnig samþykki safnaðarfunda til þess að tryggja það, að farið væri að vilja þorra manna.

Hin breytingin, sem gerð er í frumvarpinu, miðar að því að færa prestskosningar í líkara horf því, sem annars tíðkast um kosningar. Ef kosning á fram að fara, er bezt, að hún sé með fullu lýðræðissniði og skeri alveg úr um það, hver embættið á að hreppa.

Í 2. gr. (sbr. 3. og 4. gr.) er kærufrestur færður til, þannig að hann sé veittur eftir að talið hefir verið, því að vel getur komið fram kærutriði við upptalninguna.

Í 3. gr. er svo ákveðið, að talning fari fram heima í prófastsdæmi, en hætt því óeðlilega fyrirkomulagi, að senda þurfi öll atkvæði til biskups. Upptalning er ekki slíkt vandaverk, að prófasti og sýslumanni sé ekki trúandi til þess.

Í 4. gr. er ákveðið, að yfirkjörstjórn, undir forsæti biskups, úrskurði kærur, ef fram koma.

Lögs er svo fyrir mælt í 5. og 6. gr., að kosning skuli ráða úrslitum. Er í því farið eftir hliðstæðum kosningum, t. d. alþingiskosningum, þar sem kosning á löglega boðuðum og höldnum kjörfundi sker úr, án tillits til fundarsóknar eða þess, hvort einhver umsækjandi fær ákveðið magn atkvæða. Nógildandi ákvæði eru ekki annað en leifar frá þeim tímum, er reynt var að sameina hvorttveggja, kosningu og veitingu af hálfu kirkjustjórnar.